

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum á akreinum til suðurs á Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bankastrætis. Undanþeginn banninu verður Strætó.
2. Að hægri akrein á Lækjargötu til suðurs, milli Hverfisgötu og Bankastrætis, verði sérakrein einungis ætluð akstri hópþifreiða í almenningsakstri.
3. Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum í norðurkanti Laugarásvegar frá gatnamótum við Langholtsveg og 50m inn götuna.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 13. febrúar 2026.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 27. febrúar 2026